

Skipulagsstofnun
Ómar Ingbórsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

22. febrúar 2018
UST201801-302/R.K.
08.12.00

Efni: Matskyldufyrirspurn – 300 tonna framleiðsluaukning í þorsk- og silungaeldi Hábrúnar í Skutulsfirði. Umsögn.

Við er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd, á vegum Hábrúnar ehf. (kt. 450314-0640) í Skutulsfirði Ísafjarðardjúpi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hábrún ehf. (starfsemi áður skráð á Glað ehf og Sjávareldi ehf., sem var áður Álfsfell ehf.) verður hér eftir nefnd rekstraraðili.

Framkvæmdalýsing og forsaga framkvæmdaáætlana

Ráðgert er að auka framleiðslu í sjókvíaeldi um 300 tonn, allt að 700 tonna ársframleiðslu af þorski og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Rekstraraðili hefur gildandi starfs- og rekstrarleyfi upp á 400 tonna framleiðslu. Hins vegar er magn og tegund fiska í eldi ótilgreint í starfsleyfi Glaðs ehf. frá árinu 2008 sem gildir til 2020. Fyrirhuguð framleiðsluaukning felur í sér framleiðslu á 650 tonnum af regnbogasilungi og 50 tonn af þorski í alls 16 kvíum í senn með 8 kvíar til viðbótar í hvíld (sjá mynd 4). Fiskurinn er svo unnin á vegum rekstraraðila.

Núverandi starfsemi rekstraraðila

Ráðgert var árið 2017 að ráðast í meiri viðbótarframleiðslu en nú stendur til, eða allt að 1.000 tonna þorska- og silungselði á ári. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, dags. 24. október 2017, var sú að framleiðsluaukningin skildi vera háð mati á umhverfisáhrifum. Nú hefur rekstraraðili minnkað fyrirhugaða aukningu niður í núverandi framleiðsluáform.

Í umsögn sinni, dags. 13. júní 2017, óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um eftirfarandi:

- Spár um hugsanlega dreifingu næringarefna
- Hugsanleg áhrif á vistkerfi svæðisins í kjölfar breytinga á botndýralífi
- Heildarmagn fiskeldis í firðinum í dag miðað við það burðarþol sem Hafrannsóknarstofnun hefur gefið út
- Áætlanir um vöktun og rannsóknir til að sannreyna að lífrænt álag sé með þeim hætti að áhrifin verði tímabundið og afturkræf
- Hljóð og lyktarmengun vegna fyrirhugaðrar stækkunar.

Svör bárust Umhverfisstofnun frá rekstraraðila þann 14. júlí 2017 og telur stofnunin ljóst að einnig er þörf á að gera grein fyrir þessum þáttum við umfjöllun fyrirbyggjandi framleiðsluaukningar. Umhverfisstofnunar telur að upplýsingar um framangreind atriði séu ekki fullnægjandi, í greinagerð þeirrar tilkynningar sem nú er til umfjöllunar.

Óljóst er hver núverandi starfsemi er á svæðinu. Samkvæmt eftirlitsskýrslu dags. 21. júní 2017, er engin starfsemi í gangi á staðnum á vegum Glaðs ehf., en hins vegar er virk starfsemi á vegum Sjávareldis ehf. Umhverfisstofnun telur að greinagerð hefði getað verið mun nákvæmari hvað þetta varðar. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að greinagerð þessi er að miklu leiti sú sama og skilað var inn við áform um 1.000 tonna eldi 2017. Bendir stofnunin á mikilvægi þess að allar upplýsingar í greinagerð séu uppfærðar í samræmi við útgáfudag og að fjallað sé skýrt um þá starfsemi sem hefur verið á svæðinu, sem og núverandi starfsemi.

Forsendur framkvæmda og umhverfismat

Greinagerð fjallar um breyttar forsendur núverandi áætlana og þeirra, frá Álfsfelli árið 2009, sem Skipulagsstofnun úkvað að þyrftu að fara í mat á umhverfisáhrifum (bls. 4). Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki er fjallað um umsókn Hábrúnar frá 22. maí 2017 þar sem beðni var um leyfi til 1.000 tonna þorks- og silungaeldis. Ekki er fjallað um þá umsókn í þessari greinagerð né hvaða forsendur hafa breyst á milli þessara tveggja umsókna, annað en að framleiðsluaukning var lækkuð um 300 tonn. Umhverfisstofnun telur að síðarnefnda umsóknin og forsendur hennar, sé meira viðeigandi við ákvörðum um matskyldu fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar, heldur en breyttar forsendur áætlana frá 2009.

Samkvæmt greinagerð stefnir rekstraraðili nú á kynslóðaskipt eldi og hvíld svæða en er í raun enn að vinna út frá einu eldissvæði sem eru rúmum 2 km að lengd og rúmur 0,5 km að breidd skv. mynd 4 í greinagerð. Umhverfisstofnun bendir á að í kynslóðaskiptu eldi er aðeins ein kynslóð eldisfisks á hverju sjókvíaeldissvæði á hverjum tíma og svæðin hvíld á milli kynslóða. Því eldi sem lýst er í greinagerð getur því, að mati stofnunarinnar, ekki talist kynslóðaskipt þar sem unnið er innan sama eldissvæðis. Í greinagerð er því lýst að aldar verða tvær kynslóðir á sitthvoru kvíassvæðinu og eitt svæði verður ávallt í hvíld (bls. 8). Umhverfisstofnun bendir á að til þess að svæði geti talist til sér eldissvæðis þá þarf að vera fullnægjandi fjarlægð á milli svæða sbr. reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi sem segir: „Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíaeldi þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi eldisfisks hverju sinni og möguleiki er að fleiri en einn rekstrarleyfishafi

starfræki sjókvíaeldisstöðvar á sama svæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu seiða og hvíld svæðisins. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómsvalda“.

Umhverfisáhrif

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felast í áhrifum á botndýralíf, sjávarmengun og getu Skutulsfjarðar til að taka við auknu lífrænu álagi, sérstaklega í ljósi samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum og fyrirhuguðu eldi annarra fyrirtækja á svæðinu.

Ástand sjávar

Fram kemur í greinagerð að árið 2008 voru gerðar rannsóknir á botndýralífi, straumum og seltu á áhrifasvæði fiskeldis rekstraraðila (bls. 24). Þá er ekki greint nánar frá því hvað var skilgreint sem áhrifasvæði eldisins né tekin fram staðsetning sýnatökusvæða botnsýna. Gera þarf m.a. grein fyrir þessu í frummatsskýrslu sem og aðferðafræði sýnatökunnar og lýsa því hvernig staðið verður að töku botnsýna og sjósýnatökum við rekstur og eftirlit starfseminnar. Þessar upplýsingar ættu að liggja fyrir í vöktunaráætlun framkvæmdar. Umhverfisstofnun telur þessar upplýsingar rannsókna á ástandi Skutulsfjarðar vera nauðsynlega við ákvörðun á leyfi framleiðsluaukningar rekstraraðila.

Burðarþol

Líkt og fram kemur í greinagerð er burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar (2017) hámark 30.000 tonn af eldi í Ísafjarðardjúpi í heild sinni. Matið tekur ekki nánar fyrir burðarþol innfjarða í Djúpinu skv. upplýsingum frá Hafrannsóknarstofnun. Í svari rekstraraðila, við beðni Umhverfisstofnunar um viðbótarupplýsingar, er barst dags. 14. júlí 2017, kemur fram að á svæðinu sé leyfi fyrir 14.000 tonna eldi. Í þessu svari er óljóst hvort rekstraraðili á við starfsleyfi í Ísafjarðardjúpi eða leyfilegt eldi út frá burðarþoli Skutulsfjarðar, þó svo Umhverfisstofnun telji nú að rekstraraðili eigi við hið fyrrnefnda. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að öll svör við beðnum um viðbótarupplýsingar séu gefnar á skýran hátt.

Í greinagerð rekstraraðila kemur fram að Hábrún er eina fiskeldið í Skutulsfirði. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirtækið Fjarðareldi ehf. er einnig með starfsleyfi fyrir allt að 200 tonna land og kvíaeldi í Skutulsfirði sem gildir til 2024. Staða eldis í Ísafjarðardjúpi í heild sinni í febrúar 2018, skv. gögnum Umhverfisstofnunar, eru samanlagt 7 leyfi fyrirtækja fyrir samanlagt allt að 13.600 tonna eldi.

Skutulsfjörður er grunnur innfjörður, þar sem mesta botndýpi er 30 m og undir kvíum á milli 20-25 m, og er þröskuldur við mynni fjarðarins þar sem dýpið aðeins um 17 m. Auk þess eru vísbendingar um að hæg vatnaskipti séu á sjávarbotninum. Fram kemur í greinagerð: „Niðurstöður straummælinga sýna sterkan meðalstraum út Djúp norðan megin, um 2 cm/s í botnlagi, um og yfir 4 cm/s í miðlagi og upp undir 8 cm/s í yfirborði (mynd 6)“ (bls. 13). Umhverfisstofnun bendir á að skv. aðferðum um staðarval fiskeldis, sbr. bestu aðgengilegu tækni (BAT) á Norðurlöndum (2008), er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/sek. Á bls. 7 í greinagerð kemur í ljós að netpokar eldisbúnaðar rekstraraðila ná niður á allt að 12 m dýpi. Gera má því ráð fyrir því að straumhraði á því dýpi sé á milli

2 cm/sek - 4 cm/sek. Auk þess nær meðalstraumhraði 5,1 cm/sek í febrúar en í janúar er hann aðeins 3,1 cm/sek skv. töflu 8 á bls. 18. Dreifing lífræns úrgangs eldis helst í lítilli fjarlægð frá kvíum ef straumhraði er <5cm/sek á þessu dýpi og er því hætt á óæskilegri uppsöfnun lífrænna efna á botni sem getur haft neikvæð áhrif á botndýralíf undir kvíum.

Stuttlega er minnst á dreifistraum í greinagerð (bls. 21) í tengslum við dreifingu næringarefna, með svipuðum hætti og gert var í svari rekstraraðila við beðni Umhverfisstofnunar um frekari upplýsingar. Hins vegar er ekki gefin nein framsetning á flutningsvegalengd lífrænna efna né sýnt fram á að lífrænar leifar úr eldiskvíum í notkun muni ekki hafa áhrif á nærliggjandi hafsbötn undir kví sem er í hvíld, þar sem allar kvíar eru innan sama eldissvæðis.

Botndýralíf

Í greinagerð matskyldufyrirspurnar kemur fram að botn undir kvíum einkennist af þunnu leðjulagi með þéttara undirlagi og frekar mikilli tegundafjölbreytni. Algengasta fylkingin botndýra voru bustaormar en einnig fundust samlokur á borð við gljáhnytla og lýsuskel (bls. 24). Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu sérfræðings að áhrif eldis á botndýralíf séu afturkræf séu svæði hvíld með hæfilegu millibili. Hins vegar telur Umhverfisstofnun að hér sé um að ræða eldi í einu sjókvíaeldissvæði, skipt í þrennt, og því sé erfitt að sjá hvernig kynslóðaskipting eldis eða hvíld hólfa í eldissvæði muni gegna tilgangi sínum. Stofnunin telur mögulegt að sá hluti svæðis sem hvíldur er hverju sinni sé ekki í nægri fjarlægð frá virkum kvíum til að verða ekki fyrir áhrifum lífrænna leifa frá eldi.

Þess ber að geta að Hafrannsóknarstofnun telur að áhrif núverandi eldis rekstraraðila séu merkjanleg á botni undir kvíum auk þess sem úrskurður umhverfisráðherra árið 2011, við þáverandi eldi Álfsfells ehf. (nú Hábrún ehf.) var að eldið hafi haft neikvæð áhrif á botndýralíf.

Sjúkdómar

Áform eru um að eitt sjúkdómsvarnarsvæði verði fyrir eldið þar sem um er að ræða 700 tonna eldi: „[...] enda verði hugsanlega ný eldissvæði annarra fyrirtækja í ásættanlegri fjarlægð frá eldi Hábrúnar“ (bls. 8) og á bls. 27 segir um áform Arnarlax og Arctic Sea Farm um eldi í Skutulsfirði: „Minnsta fjarlægð í áætlað eldi þessum stöðum er fjórir til fimm km og því nálægt fimm km viðmiðunarmörkum“. Stofnunin minnir á þessi viðmiðunarmörk skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi sem segir að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva skuli samkvæmt meginviðmiðum vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstraraðila hefur verið úthlutað. Ber sjókvíaeldisfyrirtækjum að fylgja þessum fjarlægðarmörkum í áformum sínum.

Á bls. 11 í greinagerð er fjallað um slátrun eldisfisksins. Þá er ekki skýrt í greinagerð hvort rekstraraðili hafi leyfi til slátrunar eða hvaða aðili komi að slátrun og hvernig hún fer fram. Umhverfisstofnun telur að ákjósanleg leið til að fyrirbyggja hugsanlegar smitleiðir sé að gæta þess að ekkert ómeðhöndlað blóðvatn fari í sjóinn.

Varðandi smitsjúkdóma og laxalús segir á bls. 27 í greinagerð: „Engin hreinsiefni eru notuð við eldið“. Þá telur Umhverfisstofnun að koma þurfi skýrt fram frá rekstraraðila hvaða aðferðir verði notaðar við að hreinsa eldisbúnað. Gera þarf betur grein fyrir því hvernig verjast skuli ásætum á nótum að mati Umhverfisstofnunar og telur stofnunin að rekstraraðili þurfi að gera grein fyrir því hvort nota eigi efni sem innihalda kopar við hreinsun á kvíum eða ekki.

Vöktun og samlegðaráhrif eldis

Umhverfisstofnun telur jákvætt, samhliða fyrirhugaðri stækkun, að öllum búnaði fyrir regnbogasilung verði skipt út og nýr búnaður, vottaður eftir norskum staðli, sé tekinn í notkun (bls. 10). Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að drög að vöktunaráætlun liggja fyrir eins snemma í ferli framleiðsluaukningar eins og kostur er og ætti sú vöktun að vera samræmd á milli fyrirtækja sem stunda eldi í firðinum að mati stofnunarinnar. Í umræðu greinagerðar um samlegðaráhrif fiskeldis við fyrirtækin Arnarlax og Arctic Sea Farm er mikilvægt að fram komi hvaða magn og gerð eldis þessi fyrirtæki stefna á í Skutulsfirði og hvar þau eru í matsferli framkvæmda.

Greinagerð talar um viðbragðsáætlanir í tengslum við erfðablöndun og slysasleppingar en Umhverfisstofnun telur ekki hættu á erfðablöndun regnbogasilungs þar sem stofnar þeirra finnast ekki villtir við Ísland. Líkt og smitsjúkdómar eldisfiska, heyra mál erfðablöndunar einnig undir Matvælastofnun við leyfisveitingu. Umhverfisstofnun telur þó að slysasleppingar regnbogasilugns geta haft neikvæð áhrif á búsvæði villta laxfiska vegna ágengni þeirra sem framandi tegund. Þessu tengt vill Umhverfisstofnun vekja athygli á því að skv. greinagerð hyggst rekstraraðili setja út seiði þegar þau eru 100 g að stærð. Minni líkur eru á slysasleppingum ef seiði eru stærri við útsetningu, um 200 g, auk notkunar nóta með <20 mm möskvastærð. Skv. greinagerð er möskvastærð núverandi eldisbúnaðar 50 mm (bls. 7).

Verndarsvæði

Fjörur í botni Skutulsfjarðar og Arnarnes eru á náttúruminjaskrá m.a. vegna mikils fuglalífs svæðanna. Hér vill Umhverfisstofnun benda á mikilvægi þess að gengið sé vel frá öllum lífrænum leifum frá eldi svo fuglar, líkt og máfar, sæki ekki svæðið óhóflega vegna afránsmöguleika. Þá er hætta á að þeir fuglar sæki í auknum mæli inn á ofangreind nærliggjandi svæði með mögulegum neikvæðum áhrifum á það fuglalíf sem fyrir er á svæðinu.

Annað

Umhverfisstofnun vekur athygli á að einingar í töflu 1 bls. 7 eru mjög einkennilegar, þá sérstaklega þvermál hringja sem er gefið upp í milli metrum. Einnig er vert að benda á að allar einingar vantar í töflu 4, 5, og 7. Þá vantar einingar og myndskýringar á graf á mynd 11, 13, 14 og 15. Slík framsetning gagna ekki ásættanleg að mati stofnunarinnar.

Miklar endurtekningar eru í texta straummælinga á bls 18 og 19. Yfirlestur er nauðsynlegur svo greinagerð sé sem skilmerkilegust. Þá má sjá í greinagerð lítt skiljanlegt

orðalag líkt og „*Kræklingur var til vandræða á netpokum sem voru ekki í notkun en ollu ekki neinum vandræðum*“ (bls. 24). Málsgrein nr. tvö í kafla: Áform um aukið fiskeldi á svæðinu, á bls. 27, er um straua sem ekki passar við restina af kaflanum. Næst á eftir kemur undirkaflinn: Smithætta, en hann ætti að vera á bls. 26 undir kaflanum Sjúkdómar. Auk þess vantar myndatexta og númer fyrir mynd á bls. 20, svo er rangt vitnað í mynd 19 á bls. 24, átt við mynd 20. Þessir þættir benda til þess að vinnubrögð við gerð greinagerðar séu ekki nægilega vönduð sem Umhverfisstofnun þykir ekki ásættanlegt.

Á bls 23 er fjallað um Dýra- og þörungalíf. Þar segir: „*Fiskeldið gæti orðið fyrir áhrifum af dýrum í hafinu eins og t.d. selum, fuglum og marglyttum. Frá 2002 hefur Hábrún ekki orðið fyrir neinu áfalli vegna dýralífs í hafinu*“. Hér vill Umhverfisstofnun minna á að til þess er ætlast að fjallað sé um áhrif aukins eldis á lífríki fjarðarins en ekki hvaða skaða dýr og þörungar geta valdið eldinu. Þá er nær að fjalla um slík áhrif undir: Umhverfisþættir í greinagerð, að mati stofnunarinnar.


Niðurstaða

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur að eldið geti haft neikvæð áhrif á botndýralíf vegna óæskilegrar uppsöfnunar lífrænna efna í innfirði Djúpsins. Þetta er sérstaklega varasamt þar sem hvíld svæða verður ekki líkt og best verður á kosið vegna nálægðar þeirra hvort við annað. Auk þess er óljóst hver áhrif geta orðið á annað lífríki fjarðarins og að þörf sé á mati á samlegðaráhrifum við annað fyrirhugað eldi í firðinum. Ennfremur er það mat stofnunarinnar að gæði greinagerðar og vinnsla gagna og upplýsinga sem liggja fyrir séu ófullnægjandi og að skýrari umfjöllun þurfi að vera í frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur